



Fjárfestingarvaktin

Tillögur til ráðherra um úrbætur á samkeppnishæfni Íslands varðandi beina erlenda fjárfestingu og eflingu markaðs- og kynningarstarfs í því skyni

Fjárfestingarvaktin

maí 2013

Efnisyfirlit

1. SAMANTEKT	4
2. INNGANGUR	8
2.1. Um Fjárfestingarvaktina	9
2.2. Sýn Fjárfestingarvaktar á verkefnið	10
2.3. Sýn erlendra fjárfesta á Ísland	11
2.3.1. Fulltrúar fjárfestingarverkefna á Íslandi	11
2.3.2. Fulltrúar fjárfestingarverkefna sem ekki komu til Íslands	12
2.4. Undirbúningur tillagna	14
3. BÆTT SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS	15
3.1. Lög um beina erlenda fjárfestingu	15
3.1.1. Staða Íslands í samanburði við önnur OECD-ríki	16
3.1.2. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta	18
3.2. Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga	19
3.2.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta	21
3.3. Skattalög og erlendar fjárfestingar	22
3.3.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta	22
3.4. Umhverfis- og skipulagsmál	23
3.4.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta	24
3.5. Atvinnuréttindi sérhæfðra erlendra starfsmanna	24
3.5.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta	25
4. EFLING MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁLA	27
4.1.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta	29
5. HEIMILDIR	30

1. Samantekt

Í þingsályktun Alþingis um stefnu um beina erlenda fjárfestingu er lögð áhersla á mikilvægi þess að efla fjárfestingu í íslensku atvinnulífi og sett fram þau markmið sem ætlunin er að ná með stefnunni. Þar segir m.a.:

Alþingi ályktar að íslensk stjórnvöld skuli í því skyni tryggja gagnsæja meðferð mála er varða erlenda fjárfestingu og að gildandi reglur séu jafnan skýrar og ótvíræðar.

Alþingi felur stjórnvöldum að sækjast sérstaklega eftir fjárfestingu sem:

- 1. stuðlar að fjölbreytni atvinnulífs,*
- 2. styður við verndun og nýtingu umhverfis á sjálfbærum grunni,*
- 3. nýtir nýjustu tækni,*
- 4. skapar í gegnum framleiðsluferli sem mestan virðisauka innan lands,*
- 5. skapar hlutfallslega mörg störf og hátt hlutfall verðmætra starfa,*
- 6. stuðlar að eflingu rannsókna og þróunar og öflun nýrrar þekkingar,*
- 7. er arðsöm og skilar hlutfallslega miklum skatttekjum,*
- 8. skapar ný tækifæri eða tækifæri sem talin eru æskileg til að styrkja innlenda starfsemi sem fyrir er.*

Alþingi fól ráðherrum efnahags- og viðskipta og iðnaðar að leggja fyrir þingið tímasetta áætlun um aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu Íslands og efla markaðs- og kynningarstarf í því skyni. Þá skyldu mótaðar tillögur um samhæfða stjórnsýslu til að styðja við framangreind markmið.

Með bréfi dagsettu 26. nóvember 2012, fól þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra Fjárfestingarvaktinni næstu skref, en meðal þeirra skyldu vera yfirferð um lagaumgjörð og viðskiptaumhverfi erlendra fjárfestinga og tillögugerð um hvernig heppilegast sé að efla markaðs- og kynningarstarf fyrir erlendar fjárfestingar.

Í eftirfarandi skýrslu leggur Fjárfestingarvaktin fram neðangreindar tillögur í þessu skyni:

Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga - Tillögur

Ljúka mati á framkvæmd laga nr. 99/2010 og vinna samhliða tillögur til úrbóta á grundvelli skýrslu starfshóps um beina erlenda fjárfestingu, þingsályktunar um stefnu um beina erlenda fjárfestingu og eftirfarandi skýrslu Fjárfestingarvaktarinnar.

Auka sveigjanleikann svo unnt sé að koma betur til móts við þarfir og hagsmuni nýrra atvinnugreina sem hingað leita. Þetta á ekki síst við um skattalega hvata. Virkja ákvæði ívilnanalaga um þjálfunarstyrki með heimild á fjárlögum.

Kveða skýrt á um að ráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá lögum um eignarétt og afnotarétt fasteigna og kaupa á landi og að undanþágan gildi þann tíma sem viðskiptasamingur landeiganda og fjárfestis kveður á um en ekki lengd fjárfestingarsamningsins.

Skattalög og erlendar fjárfestingar - Tillögur

Fá alþjóðlegt viðurkennt fyrirtæki til að gera úttekt á íslensku skattkerfi og skattaframkvæmd frá sjónarhóli fjárfesta og koma með rökstuddar tillögur til úrbóta.

Hvetja til fjölgunar bindandi álita skattayfirvalda

Efla samvinnu skattayfirvalda við atvinnulífið með það að markmiði að styrkja og efla skattsstofna með nýfjárfestingum.

Setja sérreglur um skattlagningu þóknunatekna vegna hugbúnaðarréttinda eins og fordæmi er fyrir í Hollandi, Bretlandi, Írlandi, Lúxemborg og Belgíu svo dæmi séu nefnd.

Skapa jákvæða hvata til fjölgunar starfsfólks sem mótvægi gegn háu tryggingagjaldi vegna atvinnuleysis. Veita mætti afslátt af tekjuskatti fyrirtækja sem eru með ákveðinn lágmarksfjölda starfsmanna eins og fordæmi er fyrir á Írlandi.

Breyta þarf úreltum reglum um kaupréttarsamninga en við þær er lítið stuðst hér á landi þar sem viðmið um hámarkskaup er of lágt.

Mikilvægt er að færa skilgreiningu á fastri starfsstöð hvað varðar gagnaver og viðskiptavini þeirra þannig að hún sé sambærileg við samkeppnislönd Íslands og nái þeim markmiðum stjórnvalda sem réðu breytingum á lögum um virðisaukaskatt vegna þessarar starfsemi.

Afdráttarskattar af vöxtum sem greiddir eru úr landi heyra til undantekninga í Evrópu og mikilvægt er að endurskoða þá.

Reglur um greiðslu arðs til hluthafa félaga með færri hluthafa eru flóknaðar og íþyngjandi. Þá þurfa félög innan EES að greiða afdráttarskatt af arði til þess eins að fá hann endurgreiddan ári síðan. Afleiðingin er neikvæð áhrif gagnvart fyrirtækjunum án skatttekna fyrir ríkissjóð.

Setja íslensk lög um svokallaða þunna eiginfjármögnun (thin capitalisation) og milliverðlagningu (transfer pricing) til að skýra skattskyldu erlendra fjárfestingaverkefna á Íslandi og tryggja að væntar tekjur þjóðarbúsins af þeim skili sér. Slíkar reglur eru víða að ryðja sér til rúms og sú þróun mun verða enn hraðari á næstu árum. Auk þess að tryggja tekjuflæði af fjárfestingarverkefnum sem fengið hafa ívilnanir, munu slík lög draga úr tortryggni gagnvart beinum erlendum fjárfestingum.

Umhverfis- og skipulagsmál - Tillögur

Lög og vinnureglur fyrir stjórnsýslu skipulags- og umhverfismála verði skýrðar þannig að álit, úrskurðir og mat á umhverfisáhrifum skili sér innan ákveðinna tímaramma sem settir eru um viðkomandi ferli í heild.

Móta stefnu um framtíðarnýtingu einstakra landsvæða með tilliti til atvinnuuppbyggingar út frá heildarhagsmunum. Skilgreina má svæði fyrir mismunandi atvinnustarfsemi eða klasa og vinna alla forvinnu varðandi skipulagsmál, umhverfismat og innviðagreiningu þannig að hægt sé að ganga að kostum vísunum.

Hvatt verði til þess að á svæðum sem skilgreind eru til atvinnuuppbyggingar verði ráðist í þær rannsóknir sem eru grundvöllur mats á umhverfisáhrifum svo þær séu fyrirbyggjandi þegar aðilar koma með hugmyndir um uppbyggingu. Þannig má stytta mjög þann feril sem umhverfismat tekur.

Leitað verði leiða til að tryggja betur að hagsmunir stærri heilda, hvort sem er landsvæða eða landsins alls, séu ráðandi við skipulagsvinnu. Með landsskipulagsstefnu er stigið mikilvægt skref í þessa átt sem fylgja þarf betur eftir.

Atvinnuréttindi sérhæfðra erlendra starfsmanna - Tillögur

Fjárfestingarvaktin leggur til að settur verði sérstakur lagarammi um atvinnuréttindi sérhæfðra erlendra starfsmanna líkt og mörg nágrannaríki hafa gert. Í þessu sambandi bendir Fjárfestingarvaktin á reynslu Norðurlandanna og leggur til að lagt verði mat á hvaða áhrif sambærilegur lagarammi hefði á íslenskan vinnumarkað. Þar mætti einnig líta til frumvarpsdraga sem LEX lögmenn unnu út frá dönsku löggjöfinni en þar kemur m.a. fram eftirfarandi:

Í I. og II. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga og lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Lagt er til að bætt sé við nýrri tegund dvalarleyfis sem er tímabundið dvalarleyfi til sérhæfðra erlendra starfsmanna sem ráðnir eru vegna sérgreindra tímabundinna verkefna hérlandis í þágu aðila sem eru með heimilisfesti hérlandis eða reka hérlandis fasta starfsstöð. Atvinnurekendum væri ekki skylt að hafa leitað eftir starfsfólki innanlands eða á EES svæðinu fyrir ráðningu enda aðeins um að ræða sérgreind tímabundin verkefni. Þá er mælt fyrir um skyldu Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar til þess að veita umsóknum um dvalar- og atvinnuleyfi sem lögin taka til forgangsafgreiðslu, að vissum skilyrðum uppfylltum.

Í III., IV. og V. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Helstu nýmæli eru þau að mælt er fyrir um ákveðnar skattaívilnanir sem felast í því að þeir einstaklingar sem veitt er dvalar- og atvinnuleyfi á grundvelli þessara laga séu skattlagðir með öðrum og hagstæðari hætti heldur en almennt gerist enda beri þeir fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna verkefna til allt að fimm ára í senn en að lágmarki til 6 mánaða. Slíkt er í samræmi við gildandi rétt í helstu samanburðarlöndum Íslands og því nauðsynlegt upp á samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði að taka mið af því með hvaða hætti svokallaðir utanríkisborgarar eru skattlagðir í nágrannalöndunum. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi greiði 15% tekjuskatt til ríkisins og allt að 10% í útsvar en njóti ekki persónuafsláttar. Heildarskattlagningin yrði þannig 25% sem er sambærilegt Svíþjóð og skattlagninguna í Danmörku að frátöldu 8% vinnumarkaðsframlagi, sbr. umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu.

Efling markaðs- og kynningarmála – Tillögur

Vönduð greiningarvinna er forsenda markaðsaðgerða og því þarf að efla hana enn frekar. Bæta verður þennan þátt innan fjárfestingarsviðs Íslandsstofu með því að gera sviðinu kleift að vinna greiningar á einstökum mörkuðum og svæðum og veita um leið auknum fjármunum til að kaupa þá greiningarvinnu sem þarf.

Fjölmiðlaumfjöllun um Ísland sem fellur að þeirri ímynd sem við viljum halda á lofti er mikilvæg og skilvirkari en dýrt kynningarstarf. Hér þarf einnig að bæta tengsl og verja meiru til þess að bjóða hingað fulltrúum fjölmiðla.

Bæta þarf vinnu úti á einstökum mörkuðum og gagnvart einstökum atvinnugreinum. Nærvera fulltrúa fjárfestingarsviðs Íslandsstofu á lykilmörkuðum er mikilvæg og getur styrkt allt starf til muna gagnvart erlendum fjárfestum.

Fjárfestingarvaktin gerir að tillögu sinni að fjárfestingarsviði Íslandsstofu verði tryggðar 150 milljónir króna í viðbótarframlag á hverju ári í fimm ár til að bæta sérstaklega stöðuna á framangreindum þremur sviðum. Lagt er til að bætt verði við tveimur starfsmönnum sem sinni annars vegar greiningarvinnu og hins vegar almennu markaðs- og kynningarstarfi. Samið verði við þjónustuaðila bæði í Evrópu og Bandaríkjunum um að vera fulltrúar fjárfestingarsviðs á þessum mörkuðum. Unnið verði að aukinni umfjöllun sérgreinablaða og virtra viðskiptamiðla um Ísland sem valkost fyrir erlenda fjárfestingu.

2. Inngangur

Alþingi samþykkti stefnu um beina erlenda fjárfestingu með þingsályktun þann 11. júní 2012. Í upphafi hennar ályktar Alþingi að mikilvægt sé að efla fjárfestingu í íslensku atvinnulífi og að bætt samkeppnishæfni Íslands gagnvart erlendri fjárfestingu og markaðssetning, byggð á skýrum markmiðum, sé sérstakt viðfangsefni sem leggja beri aukna áherslu á. Forsendan er mikilvægi beinnar erlendar fjárfestingar fyrir atvinnu- og efnahagslíf landsins, ekki síst í ljósi þess samdráttar í fjárfestingu sem ríkt hefur undanfarin ár. Bein erlend fjárfesting skapar ekki einungis störf og verðmæti heldur eykur fjölbreytni í atvinnulífi og í útflutningsgreinum ef vel er á málum haldið. Aukin fjölbreytni í útflutningsgreinum er mikilvægt markmið í ljósi reynslu undanfarinna áratuga. Þá sýna erlendar rannsóknir að erlend fjárfesting eykur framléiðni og flytur með sér nýja þekkingu. Í flestum tilfellum fylgir erlendri fjárfestingu einnig aðgangur að markaði sem viðkomandi fjárfestir eða fyrirtæki hefur þegar en það flýttir mjög fyrir því að fjárfestingin skapi verðmæti.

Samkvæmt úttektum heimssamtaka fjárfestingarstofa (WAIPA) hafa þau ríki staðið sig best við uppbyggingu atvinnulífs þar sem markmiðasett aðgerðaáætlun til skamms tíma er byggð á skýrri framtíðarsýn. Þetta er einkar mikilvægt fyrir smærri ríki þar sem ella er hætt á einhæfni í atvinnulífinu með tiltölulega fáum og einhæfum erlendum fjárfestingum. Fjölbreytni er aðeins hægt að skapa með meðvitaðri stefnu sem löndin fylgja síðan eftir með frumkvæði í lagaumgjörð, markaðssetningu og kynningu. Dæmi um þetta eru Costa Rica og Írland en bæði löndin ákváðu að leggja áherslu á að laða að nýfjárfestingar í upplýsingatækni og hátækni. Costa Rica fór markvisst yfir lagaramma og starfsskilyrði með þarfir slíkrar starfsemi í huga og árangurinn er miklar fjárfestingar alþjóðlegra þekkingarfyrirtækja í landinu.

Gagnvart erlendum fjárfestum skiptir miklu máli að lög og reglur séu skýrar og þekktar fyrirfram svo verkefni eigi ekki framgang sinn undir leyfum eða undanþágum sem sækja þarf um til stjórnvalda.

Þingsályktunin um stefnumótun um beina erlenda fjárfestingu er byggð á greiningar- og undirbúningsvinnu sem iðnaðarráðuneytið og stofnanir þess hófu árið 2009 og greiningu efnahags- og viðskiptaráðuneytis á mikilvægi beinnar erlendar fjárfestingar. Með tillögunni fylgdi greinargerð um mikilvægi erlendar fjárfestingar fyrir íslenskt efnahagslíf í sögulegu samhengi sem unnin var fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneytið og skýrsla starfshóps iðnaðarráðherra um tillögu að stefnu stjórnvalda varðandi erlenda fjárfestingu. Þar eru settar fram skilgreiningar á lykilhugtökum og dæmi tekin af aðgerðum nágrannaþjóða til að efla beina erlenda fjárfestingu. Auk þess er ítarlega fjallað um hindranir í vegi erlendar fjárfestingar á Íslandi og mögulegar úrbætur.

Niðurstaðan af greiningarvinnunni kemur fram í þeim aðgerðum sem Alþingi samþykkti til að fylgja eftir stefnu um beinar erlendar fjárfestingar. Alþingi fól stjórnvöldum að sækjast sérstaklega eftir fjárfestingu sem;

- stuðlar að fjölbreytni atvinnulífs,
- styður við verndun og nýtingu umhverfis á sjálfbærum grunni,
- nýtir nýjustu tækni,
- skapar í gegnum framléiðsluferli sem mestan virðisauka innan lands,
- skapar hlutfallslega mörg störf og hátt hlutfall verðmætra starfa,

stuðlar að eflingu rannsókna og þróunar og öflun nýrrar þekkingar,
er arðsöm og skilar hlutfallslega miklum skatttekjum,
skapar ný tækifæri eða tækifæri sem talin eru æskileg til að styrkja innlenda starfsemi sem fyrir er.

Þá fól Alþingi ráðherrum iðnaðar og efnahags- og viðskipta að vinna áætlun um aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu Íslands og efla markaðs- og kynningarstarf í því skyni. Með bréfi, dagsettu 26. nóvember 2012, fól þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra Fjárfestingarvaktinni næstu skref. Í bréfinu segir m.a.:

Vísað er til þingsályktunar um stefnu um beina erlenda fjárfestingu (þingskjal 1497 frá 11. júní 2012) og tillögur starfshóps um stefnu stjórnvalda varðandi erlenda fjárfestingu, sem skipaður var af iðnaðarráðherra 2010. Ráðuneytið óskar eftir því að fjárfestingarvaktin, sem er starfshópur sem skipaður var af iðnaðarráðherra í febrúar 2012, yfirfari framangreint og geri tillögur um hvernig bæta megi samkeppnishæfni Íslands gagnvart erlendri fjárfestingu. Í því felst meðal annars yfirferð á lagaumgjörð og viðskiptaumhverfi erlendra fjárfestinga og tillögugerð um það hvernig heppilegast sé að efla markaðs- og kynningarstarf fyrir erlendar fjárfestingar.

Eftirfarandi er greinargerð Fjárfestingarvaktarinnar og tillögur til ráðherra um úrbætur á samkeppnishæfni Íslands varðandi beina erlenda fjárfestingu og eflingu markaðs- og kynningarstarfs í því skyni.

2.1. Um Fjárfestingarvaktina

Fjárfestingarvaktin var skipuð af iðnaðarráðherra í febrúar 2012 í framhaldi af útkomu skýrslu starfshóps ráðherra um stefnumótun stjórnvalda varðandi beina erlenda fjárfestingu. Í samráði aðila var ákveðið í kjölfarið að sameina Fjárfestingarvaktina og fagráð fjárfestinga sem var faglegur bakhjarl fjárfestingarsviðs Íslandsstofu en skv. 2. gr. laga nr. 38/2010 um Íslandsstofu er hlutverk hennar m.a. „að laða erlenda fjárfestingu til Íslands, upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál“.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skipar formann Fjárfestingarvaktarinnar sérstaklega og að auki er hún skipuð fulltrúum eftirtalinna aðila: Forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Seðlabanka Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og þremur fulltrúum tilnefndum af stjórn Íslandsstofu. Með Fjárfestingarvaktinni starfar forstöðumaður fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og einn fulltrúi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Markmið Fjárfestingarvaktarinnar eru eftirfarandi:

Að vera faglegur bakhjarl fjárfestingarsviðs Íslandsstofu sem er framkvæmdaaðili opinberrar stefnu stjórnvalda um beinar erlendar fjárfestingar.

Að tryggja að stjórnsýsla varðandi fjárfestingarverkefni sé samhæfð og skilvirk og vinna þannig að bættri samkeppnisstöðu Íslands á þessu sviði auk þess að kortleggja hvar úrbóta sé þörf.

Að taka við, greina efnislega og koma áfram þeim rökstuddu ábendingum um þörf fyrir aukna skilvirkni eða úrbætur sem fjárfestingarsvið Íslandsstofu tekur við í samskiptum sínum við fjárfesta.

Að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um eftirfylgni stefnumótunar á sviði beinna erlendra fjárfestinga og leggja fram drög að aðgerðaáætlunum sem miða að bættri samkeppnisstöðu og markvissara starfi við að laða hingað beina erlenda fjárfestingu.

Að kortleggja stöðuna hverju sinni og áform um erlendar sem innlendar fjárfestingar í einstökum geirum og afla upplýsinga um fjárfestingarverkefni og áhrif þeirra.

Eftirtaldir fulltrúar skipa Fjárfestingarvaktina:

Danfríður Skarphéðinsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Einar Karl Haraldsson, Íslandsstofu
Elín Guðjónsdóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti
Fjóla Agnarsdóttir, Seðlabanka Íslands
Geir A Gunnlaugsson, formaður, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Hildur Árnadóttir, Íslandsstofu
Jón Ásbergsson, Íslandsstofu
Margrét Sæmundsdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Pétur Reimarsson, Samtökum atvinnulífsins
Robert Farestveit, Alþýðusambandi Íslands
Sveinn Þorgrímsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Þorsteinn Víglundsson, Samtökum iðnaðarins
Þórður Reynisson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

2.2. Sýn Fjárfestingarvaktar á verkefnið

Eins og fram kemur í þeim skýrslum og greinargerðum sem liggja til grundvallar stefnumótun Alþingis um beina erlenda fjárfestingu er lykillinn að árangri í því að laða að beina erlenda fjárfestingu að saman fari hagstætt og gott umhverfi og skilvirkt markaðsstarf. Því skiptist eftirfarandi greinargerð og tillögur í tvo meginhluta, umgjörðina eða starfsumhverfið og lagarammann annars vegar og markaðsstarfið hins vegar.

Hvað umgjörðina varðar er mikilvægast að allir sem koma að fjárfestingarverkefnum fyrir hönd Íslands spili saman sem ein liðsheild út frá þekktum markmiðum og væntum árangri. Samkeppnishæfni Íslands á ekki að byggja á því að bjóða sem lægst laun og skatta eða afslátt af umhverfiskröfum heldur fremur á traustu og stöðugu starfs- og stofnanaumhverfi, skilvirkni, styrkleikum Íslands og sérstöðu.

Fjármagnshöft valda bæði óvissu gagnvart erlendum fjárfestum og teljast beinar hömlur á erlendri fjárfestingu. Úrlausn þess vanda sem veldur tilvist fjármagnshafta og opnun á frjálsu flæði fjármagns á ný er sjálfstætt úrlausnarefni fyrir stjórnvöld sem vilja efla beina erlenda fjárfestingu og gera Ísland bæði samkeppnishæft og aðlaðandi á því sviði.

Að mati heimssamtaka fjárfestingarstofa (WAIPA) eru Vesturlönd að breyta áherslum sínum í sambandi við beina erlenda fjárfestingu. Þau leita í auknum mæli eftir fjárfestingu sem er í samræmi við markmið þeirra um hagþróun og þjóðfélagsmynd. Fjárfesting sem skapar raunverulegan hagvöxt, verðmæt störf og auknar skatttekjur fyrir land og þjóð eru í forgangi auk vaxandi áherslu á umhverfisþáttinn.

Í nýlegri skýrslu McKinsey um vaxtartækifæri Íslands á næstu árum eru færð sterk rök fyrir mikilvægi aukinnar verðmætasköpunar og framleiðni bæði vinnuafls og fjármagns. Ábendingar McKinsey falla því vel að þeim markmiðum sem Alþingi samþykkti með stefnu um beina erlenda fjárfestingu. Deild Alþjóðabankans um fjárfestingarumhverfi hélt ráðstefnu í Istanbul dagana 2. og 3. maí 2013 þar sem m.a. voru kynntar niðurstöður rannsókna á áhrifum beinnar erlendrar fjárfestingar. Þar kom fram að erlendri fjárfestingu fylgir bæði aukin framleiðni, þekkingaryfirfærsla, og betri markaðsaðgangur.

Beiting ívilnana eða sértækra aðgerða stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja til að greiða götu erlendrar fjárfestingar ræðst því ekki aðeins af vilja til að bæta samkeppnisstöðu Íslands almennt heldur getur slíkt verið liður í að laða að fjárfestingu sem þykir sérstaklega eftirsóknarverð út frá framangreindum markmiðum eða til þess að vega á móti því að fyrir sumar tegundir starfsemi fylgir staðsetningu á Íslandi aukinn kostnaður vegna flutninga. Matið byggir þá á jákvæðum áhrifum viðkomandi uppbyggingar á þjóðarhag til lengri tíma að teknu tilliti til mótvægisáðgerða.

Þegar um er að ræða fjárfestingarverkefni sem byggja að miklu leyti á virkjun hugvits og hátækni er það aðgengi að menntuðu vinnuafli og sérfræðingum sem ræður miklu um staðarvalið. Í slíkum tilfellum þarf að leggja áherslu á aðgerðir sem auðvelda slíkt aðgengi til dæmis með lagfæringu á lagaramma um erlenda starfsmenn, ívilnunum og áherslu á gott og fjölskylduvænt umhverfi fyrir starfsfólk. Þá þarf að laga menntakerfið að eftirspurn atvinnulífsins eftir menntuðu vinnuafli í samræmi við langtímastefnumörkun stjórnvalda um atvinnuuppbyggingu.

2.3. Sýn erlendra fjárfesta á Ísland

Viðhorf þeirra fjárfesta sem þegar hafa valið Ísland sem staðsetningarkost og svo hinna sem hafa kynnt sér aðstæður en kosið að fara annað gefa mikilvægar vísbendingar um hvað þurfi að gera til að bæta umhverfi og umgjörð og þar með auka samkeppnishæfni Íslands gagnvart beinum erlendum fjárfestingum. Fjárfestingarsvið Íslandsstofu hefur lagt áherslu á að fá skýringar hjá þeim aðilum sem sviðið hefur aðstoðað og átt í samskiptum við en hafa engu að síður horfið frá. Á vegum Fjárfestingarvaktar var leitað sérstaklega eftir ábendingum og viðhorfum fulltrúa nokkurra erlendra fjárfestingaverkefna sem orðið hafa að veruleika hér á landi.

Þeir erlendu aðilar sem þegar hafa fjárfest á Íslandi eru mikilvægustu fulltrúar landsins gagnvart öðrum erlendum fjárfestum. Til þeirra er gjarnan leitað af hálfu þeirra sem eru að skoða Ísland sem fjárfestingarkost svo mat þeirra á stöðunni og upplifun af því að koma hingað skiptir miklu máli.

2.3.1. Fulltrúar fjárfestingarverkefna á Íslandi

Sterkir innviðir, hæft vinnuafli og vinnuandi sem einkennist af metnaði til að ná framúrskarandi árangri er meðal þess sem einn af stærstu fjárfestum á Íslandi nefnir sem styrkleika. Þá er regluverk hér á landi að mestu í samræmi við það sem þekktist í Evrópu. Stóra frávikið frá því sem nefnt var í viðtölunum er flókin og viðamikil löggjöf um tolla og vörugjöld sem kom hlutaðeigandi erlendu fyrirtæki mjög á óvart og veldur því verulegum kostnaðarauka.

Fjárfestarnir voru almennt sáttir við hvernig tekið var á móti þeim hér á landi en gerðu athugasemdir við að viðmót hafi orðið annað eftir að fjárfestingin var orðin að veruleika og fyrirtækið komið til landsins. Í því sambandi var bent á að opinberar stofnanir og fyrirtæki sýni ekki mikið frumkvæði í

samskiptum og oft þurfi að ganga á eftir skýrum svörum. Sú ábending kom fram að ganga verði frá öllum samningum með mjög ótvíræðum hætti til að tryggja að ekki komi upp vandamál síðar. Önnur umkvörtunarefni sneru m.a. að því að tíðar breytingar hafi valdið óvissu um skattamál en sýnu verra hafi verið þegar stjórnvöld stóðu ekki við gefin fyrirheit eða samkomulag.

Tvennt var nefnt sem dæmi um slíkt; annars vegar einhliða framlenging raforkuskatts sem átti að falla niður skv. samkomulagi við stóriðjufyrirtæki og hins vegar að ekki hafi verið reynt að afla fjárheimilda til að veita þjálfunarstyrk þrátt fyrir ákvæði í fjárfestingarsamningi. Fulltrúar hátæknifyrirtækisins sem óskaði eftir þjálfunarstyrk sögðust hafa gert sér grein fyrir því að greiðsla hans væri háð heimild á fjárlögum en vonbrigði þeirra hafi verið mikil þegar í ljós kom að stjórnvöld reyndu aldrei að afla slíkra heimilda til að uppfylla þetta ákvæði fjárfestingarsamningsins.

Annað sem nefnt var varðandi ívilnanamálin var að ívilnanir væru svo takmarkaðar að þær væru ólíklegar til að hafa afgerandi áhrif á það hvort af uppbyggingu yrði á Íslandi eða ekki en það er þó forsenda fyrir tilvist ívilnana skv. ríkisaðstoðarreglum ESA. Framkvæmd laga um virðisaukaskatt vegna erlendrar fjárfestingar var einnig nefnd. Skilyrði fyrir því að fá fjárfestingarsamning er að stofna íslenskt félag utan um viðkomandi verkefni. Slíkt félag í eigu erlendra aðila sem greiðir virðisaukaskatt hér á landi vegna aðkeyptrar þjónustu við undirbúning verkefnis hefur engin tók á að endurheimta hann þótt ekkert verði að lokum af verkefninu. Sé sambærileg þjónusta keypt beint af erlendu fyrirtæki hefur það tók á endurheimta greiddan VSK hér á landi.

Í viðtali stjórnenda eins af fyrirtækjunum hér á landi við fulltrúa Fjárfestingarvaktarinnar kom fram að stefnt hafi verið að auknum umsvifum hér á landi en ólíklegt sé að af því verði. Þar ræður tvennt mestu. Annars vegar að ekki hefur verið hægt að staðfesta að lagðar verði raflínur sem muni anna aukinni aflþörf fyrirtækisins og hins vegar neikvæð reynsla af samskiptum við fulltrúa íslenskra stjórnvalda varðandi eftirfylgni fjárfestingarsamnings og skatt á raforku.

2.3.2. Fulltrúar fjárfestingarverkefna sem ekki komu til Íslands

Ákvarðanir fjárfesta sem velja að lokum aðra staðsetningu eftir að hafa skoðað Ísland ráðast af margvíslegum þáttum sem snúa bæði að aðstæðum eða umhverfi hér á landi og svo samanburði við það sem aðrir bjóða.

Veigamestu ástæður sem erlendir fjárfestar í orkuháðum iðnaði hafa gefið snúa að því að ekki hafi tekist að eyða nægilega óvissu um stóra áhættuþætti á borð við hvenær framleiðsla getur hafist. Tímasetningar og áætlanir sem standast eru lyklatríði fyrir mörg verkefni. Þar hefur einkum tvennt verið hindrun. Í fyrsta lagi að fyrirtæki hafa ekki getað fengið staðfestingu á því hve langan tíma umhverfismatsferlið muni taka að hámarki. Í öðru lagi hafa orkufyrirtækin ekki getað skuldbundið sig til að afhenda tiltekið magn orku á ákveðnum tíma. Langvarandi óvissa um framvindu áður umsaminna orkuháðra verkefna er meðal ástæðna fyrir því að orkufyrirtæki treystu sér ekki til að svara til um orkuafhendingu til nýrra verkefna.

Annar stór áhættuþáttur er kostnaðurinn við að byggja upp og reka starfsemi hér á landi. Í mörgum tilfellum er bæði byggingarkostnaður og almennur rekstrarkostnaður hærri hér á landi, til dæmis vegna fjarlægðar frá mörkuðum fyrir aðföng og afurðir. Hagstæðir fyrirtækjaskattar hér á landi, reglur um

afskriftir og ívilnanir í boði vinna á móti þessum áhættuþætti. Fjárfestar í orkuháðum iðnaði hafa margir væntingar um að samkeppnishæft orkuverð loki svo gatinu að fullu en það er ekki alltaf raunin.

Á undanförunum árum hefur þróunin á erlendum mörkuðum haft merkjanleg áhrif. Þótt niðurstöður rannsóknar á hagkvæmni orkuháðrar hátæknivinnslu á Íslandi hafi reynst jákvæðar var engu að síður hætt við verkefnið vegna lítillar eftirspurnar á Evrópumarkaði og ónýttrar afkastagetu innan viðkomandi samsteypu. Með bættu efnahagsástandi skapast því strax sóknarfæri á þessu sviði.

Aðrar skýringar á því að verkefni á sviði orkuháðs iðnaðar hafa ekki orðið að veruleika eru margvíslegar. Í einu tilfalli bauðst viðkomandi aðila að taka yfir verksmiðju gjaldþrota keppinautar eftir að búið var að undirrita fjárfestingarsamning vegna uppbyggingar hér á landi og öll leyfi lágu fyrir. Fyrirtæki á sviði áframvinnslu á áli hefur kannað möguleika á hráefniskaupum frá álfyrirtækjum hér á landi en þær þreifingar hafa ekki skilað árangri þar sem stærstur hluti af framleiðslu þeirra er seldur með langtímasamningum. Þá urðu fulltrúar leiðandi alþjóðlegs fyrirtækis vitni að því á fundi með íslenskum sveitarstjórnarmönnum að viðkomandi sveitarstjórn greindi á um það innbyrðis hvort uppbygging af þessu tagi væri æskileg á viðkomandi svæði. Í kjölfarið dró mjög úr áhuga þeirra á uppbyggingu hér á landi.

Nokkur stór og virt fyrirtæki á sviði efnaiðnaðar hafa kannað Ísland sem fjárfestingarkost. Niðurstöður þeirra eru að aðstæður hér séu um margt góðar og m.a. hægt að ná spennandi samlegðaráhrifum og samnýtingu orku- og efnastrauma frá jarðvarmaverum. Horfur á alþjóðlegum mörkuðum hafa haft áhrif á framgang verkefna auk þess sem ekki hefur verið komið til móts við væntingar um orkuverð.

Vaxandi áhugi hefur verið á framleiðslu smápörunga hér á landi, ekki síst vegna aðgengis að jarðvarma, koltvísýringi, og orku. Leiðandi fyrirtæki á þessu sviði kannaði Ísland ítarlega sem staðsetningu en valdi svo að byggja í Bandaríkjunum, fyrst og fremst út af hagstæðu orkuverði sem þar stóð til boða en einnig öðrum ívilnunum og opinberum stuðningi þar sem mikill áhugi er á að byggja upp nýjan og umhverfisvænan iðnað. Aðstæður hér á landi þykja þó mjög heppilegar og samkeppnishæfar.

Samkeppni ríkja um hátækniiðnað á borð við gagnaver fer harðnaði. Samkeppnisgreining allra helstu ráðgjafafyrirtækja á þessu sviði staðfesta að kostnaðarlega er Ísland með samkeppnishæfustu löndum heims. Þar kemur til aðgengi að grænni orku á samkeppnishæfu verði og loftkæling eða vatnskæling án verulegra fjárfestinga sökum kjöraðstæðna hér á landi á þessu sviði.

Hrun fjármálakerfisins á Íslandi og síðar eldgos í Eyjafjallajökli með tilheyrandi samgöngutruflunum olli miklu bakslagi í áhuga alþjóðlegra fyrirtækja en með mikilli vinnu hefur tekist að glæða þann áhuga að nýju.

Óvissa um áhrif íslenskrar löggjafar um virðisaukaskatt á viðskiptalíkan stórra hýsingaraðila hefur verið megin hindrunin auk þess sem ákvæði um fasta starfsstöð (permanent establishment) eru skilgreind þröngt og með íþyngjandi hætti fyrir þessa atvinnugrein af hálfu íslenskra skattayfirvalda.

Aðrar áhyggjur erlendra fyrirtækja hafa snúið að innviðunum, þ.e. gagnaflutningnum um sæstrengina til og frá Íslandi. Þar hefur einkum verið litið til hraða tengingarinnar milli Íslands og Bandaríkjanna. Þá hefur hátt verð á gagnaflutningi til og frá Íslandi í tvígang stöðvað frekari skoðun verkefna. Loks hafa ýmsir aðilar látið í ljós áhyggjur af því sem áhættuþætti að aðeins eitt fyrirtæki reki gagnaflutninga til og frá landinu og að það sé að auki í ríkiseigu og stýrt af stærsta orkufyrirtæki landsins.

Að lokum má geta þess að risavaxin og afar eftirsótt verkefni hafa farið til Finnlands og Svíþjóðar á grundvelli boða um hreina orku á samkeppnishæfu verði, beina fjárfestingarstyrki stjórnvalda sem námu milljörðum íslenskra króna og skuldbindinga þarlendra stjórnvalda um að tryggja framtíðaruppbyggingu ljósleiðarkerfisins inn á aðal dreifileiðir til Asíu og Austur-Evrópu.

2.4. Undirbúningur tillagna

Auk þess að byggja á framangreindum skýrslum og greinargerðum sem lágu til grundvallar stefnumótun Alþingis um beina erlenda fjárfestingu fékk Fjárfestingarvaktin kynningu sérfræðinga frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu á reynslunni af lögum nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga og lögum um beina erlenda fjárfestingu og mati OECD á hömlum á fjárfestingu og sérfræðinga fjármála- og efnahagsráðuneytisins og sjálfstætt starfandi skattalögfræðinga á skattamálum tengdum beinum erlendum fjárfestingum. Þá komu sérfræðingar frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Skipulagsstofnun til að fara yfir lög og reglugerðir tengdar umhverfis- og skipulagsmálum.

Fjárfestingarvaktin kallaði eftir viðhorfum alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi auk þess sem Fjárfestingarsvið Íslandsstofu tók saman yfirlit yfir viðhorf og mat þeirra erlendu fyrirtækja sem skoðuðu Ísland sem fjárfestingarkost en völdu að lokum aðra staðsetningu. Þá fékk Fjárfestingarvaktin LEX, lögmannsstofu, til að vinna drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum sem snúa að erlendum starfsmönnum þannig að Ísland standi jafnfætis helstu nágrannalöndum.

Niðurstöður framangreindrar vinnu koma fram í greinargerðum og tillögum Fjárfestingarvaktar til ráðherra hér á eftir.

3. Bætt samkeppnisstaða Íslands

Samkeppnisstaða Íslands gagnvart beinni erlendri fjárfestingu ræðst af fjölmörgum þáttum og ekki síður samspili þeirra þannig að heildin vinni í þágu þeirra markmiða sem Alþingi lagði til grundvallar stefnu um beinar erlendar fjárfestingu. Hér á eftir er farið yfir alla helstu þætti í umgjörð um beina erlenda fjárfestingu. Eins og fram kemur í inngangi er markmiðið ekki að tryggja samkeppnishæfni með því að leita lægsta samnefnara í launum, sköttum, aðbúnaði eða umhverfiskröfum heldur fremur með góðu og stöðugu starfsumhverfi og skilvirkni. Þannig má laða hingað til lands þá tegund fjárfestingar sem skilar mestum verðmætum og þekkingu.

3.1. Lög um beina erlenda fjárfestingu

Í skýrslu starfshóps iðnaðarráðherra um stefnumótun um beina erlenda fjárfestingu eru tekin saman atriði sem takmarka eða hamla fjárfestingu hér á landi. Að mati starfshópsins kemur fram að takmarkað umfang og einhæfni beinnar erlendar fjárfestingar hér á landi gefi sérstakt tilefni til að fara yfir þær hindranir sem standa í vegi hennar og þá áhættu sem fjárfestar tengja Íslandi.

Á Íslandi eru í gildi lög nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri en þau gilda um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi nema annað leiði af ákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim. Meginreglan er sú að erlendum aðilum er frjálst að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í lögnum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt. Samkvæmt 4. gr. laganna er fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi háð takmörkunum á eftirfarandi sviðum atvinnulífsins:

Sjávarútvegur. Fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða verða samkvæmt lögum að vera undir yfirráðum íslenskra aðila, þ.e. íslensks ríkisborgara eða lögaðila með staðfesturétt hér á landi. Í þessu felst að aðili/aðilar verða að eiga heimili hér á landi og eiga meiri hluta í félaginu eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi félagi. Erlendir aðilar mega heldur ekki eiga með beinum hætti meira en 25% hlutafjár eða stofnfjár í sjávarútvegsfyrirtæki. Í því felst einnig að ákvarðanir um stefnu fyrirtækisins og aðrar ákvarðanir, er lúta að daglegri starfsemi þess, eru teknar af íslenskum aðilum en ekki erlendum.

Virkjunarréttindi. Íslenskir aðilar og aðilar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum mega eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um aðila sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Alþingi er þó heimilt að staðfesta með þingsályktun fjárfestingarsamning milli Íslands og aðila utan ofangreindra aðildarríkja um sama rétt.

Fasteignir. Erlendum aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni innan þeirra takmarkana sem fram koma í orkulögum. Jafnframt er fjallað um virkjunarrétt jarðhita í lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og nýtingu vatns í vatnalögum nr. 15/1923.

Flugrekstur. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%. Aðilar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða Færeyjum eru þó undanþegnir ákvæðum þessum.


Fjárfesting erlendra ríkja, sveitarfélaga og annarra erlendra stjórnvalda. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi ráðherra.

3.1.1. Staða Íslands í samanburði við önnur OECD-ríki

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur um árábil gefið út mælikvarða sem sýna hversu opin eða lokuð ríki eru fyrir erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri. Megináhersla OECD er að mæla hversu miklar takmarkanir stjórnvöld setja á erlent eignarhald, hlutfall erlendra stjórnenda í fyrirtækjum og/eða aðrar takmarkanir, s.s. við að stofna dótturfélag, kaupa landsvæði til atvinnureksturs eða með fjármagnshöftum milli landa. Þá tekur OECD jafnframt mið af því hversu erfitt er að koma upp atvinnustarfsemi í öðru landi. Er þá einkum átt við í hversu miklum mæli stjórnvöld hafa eftirlit með erlendum fjárfestingum, þ.e. hvort tilkynna þurfi erlenda fjárfestingu eða hvort erlendir fjárfestar þurfa leyfi frá stjórnvöldum til að fjárfesta í atvinnurekstri. Talsverður munur er milli aðildarríkja á því konar takmörkunum er beitt og í hve miklum mæli en það sem virðist vera sameiginlegt með þeim öllum er að heimilt er að stöðva erlendar fjárfestingar með vísan til allsherjarreglu, almannaoýruggis og/eða varnarmála.

Á Íslandi eru hömlur á erlendri fjárfestingu mun meiri í sjávarútvegi en í öðrum atvinnugreinum eins og nógildandi lög bera með sér þar sem íslenskur aðili verður ávallt að eiga meirihluta í sjávarútvegsfyrirtæki. Ísland sker sig þó ekki frá öðrum löndum hvað þetta varðar. Samkvæmt mælingum OECD um takmarkanir ríkja á erlendum fjárfestingum fyrir árið 2012 eru hömlur á erlendu eignarhaldi hvað mestar í sjávarauðlindum. Einnig er talsvert algengt að ríki beiti takmörkunum í fasteignaviðskiptum.

Takmarkanir á erlendri fjárfestingu innan OECD ríkja eftir atvinnugreinum




Heimild: OECD

Ísland er í fjórða sæti af aðildarríkjum OECD hvað varðar mestar takmarkanir á beinni fjárfestingu erlendra aðila. Eingöngu Japan, Nýja-Sjáland og Mexíkó eru með meiri hömlur en Ísland og hafa þau tvö efstu verið að herða reglur um erlendar fjárfestingar meðan flest önnur ríki hafa dregið úr þeim. Á Íslandi mælast minni takmarkanir árið 2012 en árið 2006 sem skýrist af leiðréttingu á mælingu OECD á eignarhaldi erlendra aðila að fenginni ábendingu frá íslenskum stjórnvöldum.

Heildarskor fyrir Ísland á árinu 2012 var 0,167 samanborið við 0,430 á árinu 2006. Meðal heildarskor fyrir öll OECD-ríkin var hins vegar 0,152. á árinu 2012. Takmarkanirnar eru mestar á stjórnun og rekstur fyrirtækja vegna gjaldeyrishaftanna og þekur um 60% af heildarskori fyrir Ísland. Eignarhald innan ákveðinna atvinnugreina hér á landi er um 34% af heildarskori fyrir Ísland. Önnur takmörkun sem setur Ísland í eitt af efstu sætum er sú krafa að tilkynna beri allar erlendar fjárfestingar til þess ráðherra sem fer með atvinnumál. Um 30% aðildarríkja eru með einhvers konar tilkynningarskyldu en þó eingöngu í tilteknum atvinnugreinum en á Íslandi gildir þetta ákvæði um allar atvinnugreinar.

Á myndinni hér á eftir eru hömlur á erlendri fjárfestingu brotnar niður í þrennt, þ.e. beinar hömlur á eignarhaldi, skimun sem felur í sér tilkynningarskyldu og leyfisveitingar og hömlur á stjórnun og rekstri. Þá er heildarskor borið saman við stöðuna 2006.



Heimild: OECD

3.1.2. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta

Gagnsæi og stöðugleiki eru lykilatriði við að skapa gott umhverfi fyrir fjárfestingar. Fjárfestingarvaktin leggur til að lög um fjárfestingu erlendra aðila verði endurskoðuð í heild enda barn síns tíma og snúast fyrst og fremst um bönn og takmarkanir. Í samræmi við þingsályktun um stefnu stjórnvalda um beinar erlendar fjárfestingar mætti gera tóninn í lögum jákvæðari um leið og takmarkanir eru gerðar enn skýrari.

Óskýrar leikreglur og matskenndir þættir draga bæði úr trausti og lækka einkunnir fjölþjóðlegra stofnana á borð við OECD fyrir fjárfestingarumhverfi. Fjárfestingarvaktin tekur því undir þá tillögu starfshóps iðnaðarráðherra um stefnu varðandi beinar erlendar fjárfestingar að lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri verði endurskoðuð þannig að ákvæði um sérstaka nefnd um beinar erlendar fjárfestingar verði felld brott. Á móti verði forsendur leyfisveitinga gerðar skýrari og ferlið innan hefðbundinnar stjórnsýslu gagnsærra. Ágreiningur um leyfisveitingar og forsendur þeirra fari hefðbundna leið stjórnsýslukæra í stað sérmeðferðar hjá pólitískri nefnd.

Fjárfestingarvaktin leggur til að ákvæði um tilkynningarskyldu allra erlendra fjárfestinga verði felld út. OECD bendir á að það þyki neikvætt að hafa slíka tilkynningarskyldu þar sem því fylgja bæði kvaðir og ákveðið vantraust. Tilkynna þarf alltof margar fjárfestingar samanborið við þann litla hluta sem óvíst er hvort stenst lög.

Öryggisákvæði sem heimilar stjórnvöldum að grípa inn í ef erlend fjárfesting þykir varða við öryggi eða almannaheill, sbr. 12. grein gildandi laga, þarf að beita í samræmi við skýran og lögbundinn feril. Fjárfestingarvaktin leggur til að sú kvæði sé lögð á stjórnvöld áður en til beitingar þess kemur að fram

fari ítarleg greining á hlutlægum ástæðum þess að grípa þurfi inn í og að grundvallaratriða á borð við andmælarétt sé gætt.

Fjárfestingarvaktin leggur til að lög nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna verði endurskoðuð og sett inn skýr ákvæði þess efnis að erlendum aðilum sé heimilt að kaupa eða leigja land í atvinnuskyni í þágu uppbyggingar eða nýfjárfestinga sem gerður er fjárfestingarsamningur um í samræmi við lög nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Slíkt heimild sé óháð heimilisfesti viðkomandi fjárfestis. Í þeim tilfellum verði ákvæði um að meirihluta stjórnarmanna skuli vera Íslendingar einnig fellt brott.

Fjárfestingarvaktin leggur áherslu á að Ísland taki formlega þátt í starfi alþjóðaviðskiptalaganefndar Sameinuðu þjóðanna, UNCITRAL. Í samstarfi við Alþjóðaviðskiptastofnunina hefur UNCITRAL áratugum saman lagt grunn að samræmingu á lögum um alþjóðleg viðskipti. UNCITRAL hefur til dæmis unnið að endurbótum á starfsreglum um sérstaka gerðardóma og líkönnum að lögum og reglum um rafræna úrlausn deilumála. Með því að styðjast við starf UNCITRAL við úrbætur á lögum og reglum og vísa í það er lagður grunnur að efldu trausti og auknu gagnsæi gagnvart erlendum fjárfestum.

3.2. Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga

Lög nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi mörkuðu tímamót. Lögin voru sett í kjölfar vinnu starfshóps um ívilnanir vegna nýfjárfestinga sem skilaði iðnaðarráðherra ítarlegri skýrslu vorið 2009. Í skýrslunni sem fylgdi athugasemdum með frumvarpi til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga, er fjallað um mikilvægi ívilnana og vísað í fordæmi frá öðrum löndum. Fram að setningu þessara laga höfðu ívilnanir vegna nýfjárfestinga verið veittar á grundvelli sérlaga um heimild til að gera fjárfestingarsamninga um einstök verkefni sem síðan þurfti samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Með tilkomu laga nr. 99/2010 varð sú breyting að ráðherra fékk heimild Alþingis til að gera fjárfestingasamninga sem fólu í sér ívilnanir innan ramma löggjafarinnar. ESA hafði samþykkt rammalöggjöfina sem slíka svo ekki þurfti lengur sérstakt samþykki vegna fjárfestingarsamninga sem uppfylltu skilyrði sem sett voru í lögnum. Lögin hafa einnig haft mikið gildi varðandi markaðsstarf sem beinist að erlendum fjárfestum því með tilkomu þeirra var hægt að vísa í fyrirliggjandi ívilnanakerfi sem var gagnsætt og byggt á faglegu matsferli um þjóðhagslegan ávinning af viðkomandi verkefni.

Ívilnanir sem heimilar eru samkvæmt lögnum eru fyrst og fremst lækkun eða þaksetning skatta og opinberra gjalda auk hagstæðra afskriftarreglna. Þá er heimild til að veita fjárstuðning vegna þjálfunar starfsfólks. Lögin eru byggð á tveimur stoðum, byggðaaðstoð sem heimil er á svæðum sem skilgreind eru á byggðakorti ESA og almennum ívilnunum sem eru óháðar staðsetningu. Sérstök ákvæði eru um nýfjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem og í rannsóknar- og þróunarverkefnum. Sérstaklega er fjallað um umhverfistengd fjárfestingarverkefni, t.d. vegna uppsetningar búnaðar sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í mengunarvörnum en lög gera ráð fyrir og vegna aðgerða á sviði orkusparnaðar og orkunýtni. Skilyrði fyrir veitingu ívilnunar eru m.a. að fyrir liggja greinagóðar upplýsingar um verkefnið og að árleg velta fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis sé yfir tilteknum mörkum eða að nýfjárfestingin skapi a.m.k. ákveðinn fjölda ársverka á fyrstu árum hennar.

Ferill við veitingu ívilnunar er þannig að ívilnananefnd á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis fer yfir umsókn og metur hvort skilyrði laganna séu uppfyllt. Umsækjandi leggur fram nauðsynleg gögn og Fjárfestingarsvið Íslandsstofu setur fram mat á þjóðhagslegum ávinningi af veitingu ívilnana vegna

viðkomandi fjárfestingarverkefni, byggt á kostnaðar- og ábatagreiningu. Nefndin gerir tillögu til ráðherra, ráðherra leggur fram boð um ívilnun sem byggir á þeim heimildum sem eru í lögum. Samningar geta verið mismunandi milli verkefna. Að lokum er undirritaður samningur milli ráðherra og umsækjanda um veitingu ívilunar þar sem kveðið á um réttindi og skyldur aðila.

Frá gildistöku laganna hafa sex fjárfestingarsamningar verið undirritaðir.

Fyrirtæki	Verkefni	Dags- samnings	Heildar- fjárfesting	Hlutfall ívilnunar
Thorsil ehf., Timminco Ltd, Strokkur ehf.	Kísilmálmverksmiðja í Þorlákshöfn	30.12.10	30,5 ma.kr.	1,4%
BECROMAL Iceland ehf., BECROMAL Properties ehf., Strokkur Energy ehf. og BECROMAL S.p.A.	Álþynnuverksmiðja við Krossanes, Akureyri	30.12.10	11,5 ma.kr.	1,9%
Íslenska kísilfélagið ehf., Tomahawk Development Íslandi ehf. og GSM Enterprises LLC.	Kísilverksmiðja í Helguvík	17.02.11	17 ma.kr.	1,6%
Verne Real Estate II ehf. og Verne Holdings Ltd	Gagnaver á Ásbrú í Reykjanesbæ	27.09.11	81 ma.kr.	1,4%
GMR Endurvinnslan ehf.	Stálendurvinnsla á Grundvartanga	07.05.12	1,7 ma.kr.	2%
Marmeti ehf.	Fiskvinnsla í Sandgerði	28.01.13	0,6 ma.kr.	5,4%

Meðal þess sem reynslan af rammalöggjöf um ívilnanir hefur leitt í ljós er mikilvægi þess að stjórnvöld staðfesti vilja sinn til að laða að beina erlenda fjárfestingu með slíkri ráðstöfun. Tilvist laganna er jákvæð að mati þeirra fjárfesta sem sótt hafa um ívilnanir frá árinu 2010 eða verið að skoða Ísland sem fjárfestingarkost. En umfang hinna fjárhagslegu ívilnana hefur verið mjög lítið og raunar langt undir þeim viðmiðunarmörkum sem ríkisaðstoðarreglur á EES-svæðinu heimila.

Reynslan hefur einnig leitt í ljós hversu óheppilegt það er að bjóða lögum samkvæmt beina fjárstyrki en virkja slíkar heimildir ekki í raun, en lög nr. 99/2010 kváðu á um að heimilt væri að veita beinan stofnfjárstyrk til einstakra verkefna. Forsenda slíkra styrkja var að heimild væri veitt í fjárlögum viðkomandi árs, en slík heimild var í reynd aldrei veitt.

Lögin um ívilnanir vegna nýfjárfestinga tóku gildi 2010 með ákvæðum um gildistíma út árið 2013 og endurskoðun á framkvæmdinni fyrir þann tíma. Lögin voru endurskoðuð að hluta á árinu 2012 og þeim breytt með lögum nr. 25/2013 sem tóku gildi í mars 2013, en ákvæðin um endurskoðun laganna standa samt óbreytt. Breytingarnar fólu í sér í meginatriðum að beinn stofnfjárstyrkur var afnuminn úr lögnum og veitt var heimild til að veita 18% tekjuskatt í stað 20%. Ástæðan fyrir því að stofnstyrkurinn var felldur út er fjárhagsstaða ríkissjóðs og krafan um áframhaldandi aðhald í ríkisrekstri, sbr. markmið stjórnvalda um jöfnuð í ríkisfjármálum. Erfitt reynist því að veita háa fjárstyrki nema með fjármögnun í formi aukinnar lántöku sem hefur óæskileg áhrif á skuldastöðu ríkissjóðs. Tæpum mánuði eftir endurskoðun ívilnanalaganna samþykkti Alþingi lög nr. 52/2013 um heimild til samninga um kísilver í

landi Bakka í Norðurþingi með fyrirvara um samþykki ESA. Með þeim sérlægum er kveðið á um ívilnanir í fjárfestingarsamningi sem ganga lengra en heimilt er samkvæmt rammalöggjöfinni. Allt vekur þetta upp áleitnar spurningar um festu og stöðugleika við framkvæmd laga um nýfjárfestingar og getur valdið óróleika meðal fjárfesta.

Sú ákvörðun ESA frá 30. apríl 2013 að hefja formlega rannsókn á framkvæmd rammalöggjafarinnar um ívilnanir vegna nýfjárfestinga setur framkvæmdina alla í uppnám og kallar á agaðri nálgun og stefnumótun til lengri tíma.

Að óbreyttu falla lög nr. 99/2010 því úr gildi í árslok 2013 en ákvæði er um skipun nefndar til að leggja mat á framkvæmdina og hvort framlengja skuli gildistímann. Fjárfestingarvaktin lítur á þessa skýrslu sem sitt framlag til slíks mats og gerir eftirfarandi tillögur.

3.2.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta

Mikilvægt er að ljúka sem fyrst mati á framkvæmd laga nr. 99/2010 og vinna samhliða tillögur til úrbóta og um afnám sólarlagsákvæðis. Grundvöllur að slíku er lagður í skýrslu starfshóps um beina erlenda fjárfestingu, þingsályktun um stefnumótun varðandi beina erlenda fjárfestingu og í þessari skýrslu Fjárfestingarvaktarinnar. Tíð endurskoðun lagarammans til viðbótar við þá reglubundnu endurskoðun sem leiðir af því að ívilnanirnar byggja á byggðakorti samþykktu af ESA, eða litlar lagfæringar geta vakið óvissu um stefnu og fyrirætlun stjórnvalda og valdið töfum á framgangi verkefna vegna væntinga um að næstu breytingar verði í átt að frekari ívilnunum. Fjárfestingarvaktin leggur því áherslu á að lagaramminn verði rúmur og tryggi nauðsynlegan sveigjanleika svo hann kalli ekki á tíða endurskoðun.

Meðal breytinga sem gera þarf er að auka sveigjanleikann svo unnt sé að koma betur til móts við þarfir og hagsmuni nýrra atvinnugreina sem hingað leita. Þetta á ekki síst við um skattalega hvata. Í stað þess að einskorða skattalega hvata við tekjuskattshlutfallið gæti í sumum tilfellum átt betur við að bjóða upp á skattaafslátt eða niðurfellingu skatta á fyrstu árum starfseminnar eða á fyrstu árunum eftir að skattgreiðslur ættu að koma til. Slíkar ívilnanir voru hluti af dæmum sem PriceWaterhouseCoopers vann fyrir starfshóp um ívilnanir til eflingar fjárfestingum í atvinnurekstri sem skilaði skýrslu til iðnaðarráðherra í apríl 2009 og var grundvöllur rammalöggjafarinnar. Við setningu laganna var hins vegar farin sú leið að leggja fremur til beina fjárstyrki frá ríkissjóði, ýmist stofnstyrki eða styrki til þjálfunar starfsfólks. Með lögum nr. 25/2013 voru stofnstyrkir felldir út. Þjálfunarstyrkir standa enn til boða skv. gildandi lögum en til að ráðherra megi undirrita fjárfestingarsamning um slíka ívilnun þarf heimild á fjárlögum. Fjárfestingarvaktin leggur áherslu á að þessi heimild verði virkjuð með fjárlögum fyrir hvert ár eða formi ívilnunarinnar breytt, t.d. í framangreinda skattalega hvata. Þetta er brýnt, ekki síst þar sem verkefni sem byggja á sérþekkingu og menntuðu vinnuafli eru sérlega eftirsóknarverð.

Kveða verður skýrt á um að ráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og undanþágan gildi þann tíma sem viðskiptasamingur landeiganda og fjárfestis kveði á um en ekki lengd fjárfestingarsamningsins. Gildistími undanþágu er ekki nægilega skýr í núgildandi lögum.

3.3. Skattalög og erlendar fjárfestingar

Fyrirkomulag skattamála er meðal þeirra þátta sem hafa áhrif á samkeppnisstöðu gagnvart beinni erlendri fjárfestingu. Rannsóknir OECD á samhengi skatta og beinnar erlendar fjárfestingar frá árinu 2007 leiða í ljós að þótt almenna reglan sé sú að lægri skattar í móttökulandi auki beina erlenda fjárfestingu þá er það ekki algilt þar sem margir aðrir þættir veiga einnig þungt, svo sem innviðir, gott umhverfi, stærð markaðssvæðis og möguleikar á staðbundnum hagnaði. Skattamálin þurfa því að spila með mjög markvissum hætti á móti neikvæðum þáttum sem eru utan áhrifasviðs stjórnvalda og með þeim markmiðum sem sett hafa verið með stefnu um beinar erlendar fjárfestingar.

Tillögur í skattamálum vegna hvata til aukinnar nýfjárfestingar í atvinnulífinu þurfa því að taka mið af því hvers konar starfsemi eigi að laða til landsins, hvað Ísland hefur upp á að bjóða, hvaða styrkleikar eru til staðar og hvaða veikleikar eru í kerfinu og skattalegri framkvæmd.

Til að meta stöðu Íslands gagnvart öðrum löndum þarf að horfa til fleiri þátta en lögformlegra skatthlutfalla. Hér á landi er hlutfallstala tekjuskatts á fyrirtæki lág í fjölþjóðlegum samanburði eða aðeins 20%. Þegar litið er í samanburðarrit á borð við Doing Business eða Paying Taxes sem World Bank, IFC og PriceWaterhouseCoopers standa að kemur í ljós að þótt mörg lönd hafi hærra skatthlutfall en Ísland þá skipa þau sér ofar í röð samkeppnishæfustu landa. Þetta þýðir að einhverjir þættir í skattaframkvæmdinni draga úr samkeppnishæfni Íslands. Að mati Fjárfestingarvaktar þarf að leggja í ítarlegri greiningarvinnu út frá sjónarhóli beinna erlendra fjárfestinga til að meta stöðu Íslands og hvar sóknarfæri liggja. Í því sambandi er nærtækt að uppfæra og vinna áfram með úttekt sem PriceWaterhouseCoopers vann fyrir Fjárfestingarstofu árið 2008 á tækifærum Íslands til að beita skattalegum ívilnunum til að örva beina erlenda fjárfestingu sem hefði það markmið að stækka skattstofna og auka þannig tekjur ríkisins án mikilli fjárfestinga. Í því skyni beindi PWC sjónum að svokallaðri þjónustutengdri eða hreyfanlegri fjárfestingu og tiltók fjármálaþjónustu alþjóðlegra fyrirtækja sem sjá um fjármögnun sína í gegnum eigin lánastofnanir, umsýslufélög fyrir einkaleyfisþóknun og höfundarréttargreiðslur og félög sem sinna alþjóðlegri skipaskráningu.

Fulltrúar fyrirtækja sem starfshópur iðnaðarráðherra um stefnumótun um beina erlenda fjárfestingu ræddi við voru samdóma um að viðbrögð íslenskra stofnana við fyrirsurnum og skattatengdum úrskurðarbeiðnum séu of hæg og ómarkviss. Sama niðurstaða kom fram í sjálfstæðri úttekt PwC í Belgíu frá 2010.

3.3.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta

Að mati Fjárfestingarvaktarinnar skiptir gagnsæi og skýrleiki mjög miklu máli auk stöðugleika. Tíðar breytingar skapa óöryggi auk þess sem erlendir fjárfestar vilja vita fyrirfram að hverju þeir ganga. Fjölgun bindandi álita og nánara samstarf skattayfirvalda við atvinnulífið og aðila á borð við Fjárfestingarsvið Íslandsstofu varðandi upplýsingamiðlun og svörun fyrirspurna eru mikilvægir þættir.

Fjölmargar aðrar tillögur hafa komið fram í starfi Fjárfestingarvaktarinnar auk skýrslna aðila á borð við Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins. Þá gerðu sérfræðingahópar frá AGS tvær úttektir á skattkerfinu á árunum 2010 og 2011 og settu fram tillögur, m.a. um úrbætur í fyrirtækjasköttum hérlendis með hliðsjón af þróuninni í öðrum ríkjum. Hér á eftir er farið yfir helstu tillögur Fjárfestingarvaktarinnar:

Fá alþjóðlegt viðurkennt fyrirtæki til að gera úttekt á íslensku skattkerfi og skattaframkvæmd frá sjónarhóli fjárfesta og koma með rökstuddar tillögur til úrbóta.

Hvetja til fjölgunar bindandi álita skattayfirvalda.

Efla samvinnu skattayfirvalda við atvinnulífið með það að markmiði að styrkja og efla skattstofna með nýfjárfestingum.

Setja sérreglur um skattlagningu þóknunatekna vegna hugbúnaðarréttinda eins og fordæmi er fyrir í Hollandi, Bretlandi, Írlandi, Lúxemborg og Belgíu svo dæmi séu nefnd.

Skapa jákvæða hvata til fjölgunar starfsfólks sem mótvægi gegn háu tryggingagjaldi vegna atvinnuleysis. Veita mætti afslátt af tekjuskatti fyrirtækja sem eru með ákveðinn lágmarksfjölda starfsmanna eins og fordæmi er fyrir á Írlandi.

Breyta þarf úreltum reglum um kaupréttarsamninga en við þær er lítið stuðst hér á landi þar sem viðmið um hámarkskaup er of lágt.

Mikilvægt er að færa skilgreiningu á fastri starfsstöð hvað varðar gagnaver og viðskiptavinum þeirra þannig að hún sé sambærileg við samkeppnislönd Íslands og nái þeim markmiðum stjórnvalda sem réðu breytingum á lögum um virðisaukaskatt vegna þessarar starfsemi.

Afdráttarskattar af vöxtum sem greiddir eru úr landi heyra til undantekninga í Evrópu og mikilvægt er að endurskoða þá.

Reglur um greiðslu arðs til hluthafa félaga með færri hluthafa eru flóknar og íþyngjandi. Þá þurfa félög innan EES að greiða afdráttarskatt af arði til þess eins að fá hann endurgreiddan ári síðan. Afleiðingin er neikvæð áhrif gagnvart fyrirtækjunum án skatttekna fyrir ríkissjóð.

Setja íslensk lög um svokallaða þunna eiginfjármögnun (thin capitalisation) og milliverðlagningu (transfer pricing) til að skýra skattskyldu erlendra fjárfestingaverkefna á Íslandi og tryggja að væntar tekjur þjóðarbúsins af þeim skili sér. Slíkar reglur eru víða að ryðja sér til rúms og sú þróun mun verða enn hraðari á næstu árum. Auk þess að tryggja tekjuflæði af fjárfestingarverkefnum sem fengið hafa ívilnanir, munu slík lög draga úr tortryggni gagnvart beinum erlendum fjárfestingum.

3.4. Umhverfis- og skipulagsmál

Ríkar kröfur vegna mögulegra áhrifa fjárfestingarverkefna á umhverfið þurfa ekki í sjálfu sér að hafa neikvæð áhrif á áhuga erlendra fjárfesta og engin ástæða er til að slaka á umhverfiskröfum. Slíkar kröfur geta einnig fallið vel að ímynd og styrkleikum Íslands. Mikilvægast er hins vegar að verkferlar séu skýrir og stjórnsýslan skilvirk og gagnsæ. Niðurstaða starfshóps iðnaðarráðherra um stefnumótun varðandi beinar erlendar fjárfestingar var sú að bæta megi framkvæmdina hér á landi, til dæmis hvað varðar þann tíma sem umsagnarferli getur staðið í heild. Fullvissa um að ákveðin ferli fari ekki fram yfir lögbundin tímamörk geta haft afgerandi áhrif á ákvarðanir um stærri verkefni.

Í skýrslu starfshóps iðnaðarráðherra komu einnig fram ábendingar um að núgildandi fyrirkomulag skipulagsmála geti dregið úr samkeppnishæfni landsins í heild gagnvart beinni erlendri fjárfestingu.

Skýringin er sú að ekki er víst að mögulegt sé að bjóða fjárfestingarverkefnum þá staðsetningarkosti sem hagkvæmastir eru út frá hagsmunum fjárfestisins, þjóðarhag eða umhverfissjónarmiðum þar sem sveitarfélögin, sem eru í lykilhlotverki, geta verið að taka ákvarðanir út frá svæðisbundnum hagsmunum frekar en heildarhagsmunum. Þá er sú hættu fyrir hendi að skipulag vegna nýtingar orkusvæða verði skilyrt því að orkan sé nýtt til atvinnuuppbyggingar á tilteknum svæðum þrátt fyrir óhagræði með tilliti til heildarhagsmuna. Einnig hafa einstök sveitarfélög skipulagsvald gagnvart grundvallar innviðum samfélagsins alls svo sem lagningu flutningslína fyrir raforku á milli landshluta.

Hér á landi er aðalskipulag og deiliskipulag einstakra sveitarfélaga ráðandi um landnotkun og þróun atvinnusvæða. Því til viðbótar geta tvö eða fleiri sveitarfélög sett fram svæðisskipulag sem er sameiginleg skipulagsáætlun þeirra um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem þau telja þörf á að samræma. Landskipulag er nýtt stig þar sem setja á fram leiðarljós við gerð skipulagsáætlana og stuðla að samræmingu í stefnumótun. Landskipulag er hins vegar ekki bindandi.

Með sömu rökum og svæði sem nýst geta til orkuöflunar eru flokkuð miðlægt út frá heildarhagsmunum í ferli rammaáætlunar er eðlilegt að stjórnvöld komi að heildarskipulagi þar sem uppbyggingarsvæði eru skilgreind út frá þjóðarhag og umhverfissjónarmiðum.

3.4.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta

Lög og vinnureglur fyrir stjórnslu skipulags- og umhverfismála verði skýrðar þannig að álit, úrskurðir og mat á umhverfisáhrifum skili sér innan ákveðinna tímaramma sem settir eru um viðkomandi ferli í heild.

Móta stefnu um framtíðarnýtingu einstakra landsvæða með tilliti til atvinnuuppbyggingar út frá heildarhagsmunum. Skilgreina má svæði fyrir mismunandi atvinnustarfsemi eða klasa og vinna alla forvinnu varðandi skipulagsmál, umhverfismat og innviðagreiningu þannig að hægt sé að ganga að kostum vísu.

Hvatt verði til þess að á svæðum sem skilgreind eru til atvinnuuppbyggingar verði ráðist í þær rannsóknir sem eru grundvöllur mats á umhverfisáhrifum svo þær séu fyrirbyggjandi þegar aðilar koma með hugmyndir um uppbyggingu. Þannig má stytta mjög þann feril sem umhverfismat tekur.

Leitað verði leiða til að tryggja betur að hagsmunir stærri heilda, hvort sem er landsvæða eða landsins alls, séu ráðandi við skipulagsvinnu. Með landsskipulagsstefnu er stigið mikilvægt skref í þessa átt sem fylgja þarf betur eftir.

3.5. Atvinnuréttindi sérhæfðra erlendra starfsmanna

Aðgengi innlendra sem erlendra fyrirtækja að sérhæfðum starfsmönnum til tímabundinna verkefna er mikilvægur þáttur í að bæta samkeppnisstöðu Íslands, bæði hvað varðar beina erlenda fjárfestingu en einnig til að miðla nýrri þekkingu inn í íslenskt atvinnulíf sem íslenskur vinnumarkaður er tímabundið ófær um. Því er mikilvægt að kanna þörf á endurskoða lagaramman um erlenda starfsmenn og hvort færa þurfi hann til samræmis við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Þar hefur víðast hvar verið farin sú leið að greiða sérstaklega fyrir ráðningum erlendra sérfræðinga sem taldir eru hafa fram að færa þekkingu sem reynist gagnleg fyrir þjóðfélag, atvinnu og menntun í heild. Í því skyni eru m.a. veittar ívilnanir með þeim rökum að bein erlend fjárfesting skilar oft miklum arði og hefur jákvæð áhrif

á landsframleiðslu þess lands sem fjárfest er innan. Verðmætaáhrif af erlendri fjárfestingu eru nýsköpun og þekking, viðskiptatengsl, atvinnuþróun, auknar skatttekjur og fjármagnsflæði. Slíkir hvatar eða ívilnanir og skilvirkni við ráðningar og flutninga milli landa geta haft bein áhrif á staðarval fjárfesta, ekki síst þegar um er að ræða lítil eða meðalstór þekkingarfyrirtæki.

Í samráði við Fjárfestingarvaktina leituðu Samtök iðnaðarins til nokkurra íslenskra fyrirtækja sem hafa ráðið erlenda sérfræðinga til tímabundinna verkefna til að dýpka skilning aðila á verkefninu. Þar komu fram margvíslegar athugasemdir og ábendingar. Þá tók LEX, lögmannsstofa, saman upplýsingar um ívilnanir í tengslum við dvalar-, atvinnu- og skattamál sérhæfðra erlendra starfsmanna í nokkrum nágrannaríkjum og vann í framhaldinu dæmi um frumvarp byggt á dönsku löggjöfinni.

Athugasemdir íslensku fyrirtækjanna og tillögur LEX um úrbætur eru að mestu samhljóða niðurstöðum rýnihóparannsóknar sem Capacent vann fyrir Fjárfestingarstofu árið 2007 og miðaði að því að fá fram upplýsingar um reynslu sérhæfðra starfsmanna að því að búa og vinna á Íslandi, tillögur um hvernig bæta mætti stuðning við þennan hóp og hvaða aðferðir væru vænlegastar til að laða hingað sérfræðinga til starfa.

Í greinargerð með frumvarpi LEX lögmanna er vísað til fordæma frá þremur nágrannaríkjum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð auk þess sem bent er á að sambærilegar ráðstafanir þekkist í mörgum öðrum Evrópuríkjum.

Í Danmörku geta erlendir sérfræðingar og lykilstarfsmenn sótt um að greiða einfaldan 26%tekjuskatt (auk 8% vinnnumarkaðsframlags) af heildartekjum í allt að fimm ár að vissum skilyrðum uppfylltum. Útlendingar búsettir utan Norðurlandanna og EES-svæðisins geta sótt um svonefnt grænt kort sem felur í sér atvinnu- og dvalarleyfi samkvæmt ákveðnum reglum.

Í Noregi geta erlendir starfsmenn sem starfa tímabundið í Noregi sótt um 10% frádrátt frá skattskyldum tekjum skv. sérreglum um skattlagningu erlendra starfsmanna. Í norsku útlendingalögnum er fjallað sérstaklega um dvalarleyfi fyrir sérfræðinga sem uppfylla ákveðin skilyrði.

Í Svíþjóð geta erlendir sérfræðingar, vísindamenn og aðrir lykilstarfsmenn notið sérstaks skattahagræðis sem felst í því að fyrstu þrjú árin sem erlendir starfsmaður er búsettur í Svíþjóð eru 25% af heildartekjum viðkomandi undanþegnar tekjuskatti. Sérfræðingar sem starfa í Svíþjóð á vegum alþjóðlegs fyrirtækis í eitt ár eða minna eru undanþegnir því að þurfa að afla atvinnuleyfis. Heimilt er að veita tímabundið dvalarleyfi til handa útlendingum sem óska eftir að vinna í Svíþjóð og þá má einnig veita þeim atvinnuleyfi sé sýnt fram á að þekking sé ekki til staðar á innlendum vinnnumarkaði.

Ástæðan fyrir framangreindum ívilnunum og þeim sem tíðkast víða á meginlandi Evrópu eru að ríki sjá sér hag í því að skapa hagstæð skilyrði til þess að ráða sérhæfða erlendra starfsmenn með það að markmiði að auka samkeppnishæfni viðkomandi ríkis og stuðla að aukinni erlendri fjárfestingu.

3.5.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta

Fjárfestingarvaktin leggur til að settur verði sérstakur lagarammi um atvinnuréttindi sérhæfðra erlendra starfsmanna líkt og mörg nágrannaríki hafa gert. Í þessu sambandi bendir Fjárfestingarvaktin á reynslu Norðurlandanna og leggur til að lagt verði mat á hvaða áhrif sambærilegur lagarammi hefði

á íslenskan vinnumarkað. Þar mætti einnig líta til vinnu LEX lögmanna sem byggir á dönsku löggjöfinni en þar kemur m.a. fram eftirfarandi:

Í I. og II. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga og lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Lagt er til að bætt sé við nýrri tegund dvalarleyfis sem er tímabundið dvalarleyfi til sérhæfðra erlendra starfsmanna sem ráðnir eru vegna sérgreindra tímabundinna verkefna hérlandis í þágu aðila sem eru með heimilisfesti hérlandis eða reka hérlandis fasta starfsstöð. Atvinnurekendum væri ekki skylt að hafa leitað eftir starfsfólki innanlands eða á EES svæðinu fyrir ráðningu enda aðeins um að ræða sérgreind tímabundin verkefni. Þá er mælt fyrir um skyldu Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar til þess að veita umsóknum um dvalar- og atvinnuleyfi sem lögin taka til forgangsafgreiðslu, að vissum skilyrðum uppfylltum.

Í III., IV. og V. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Helstu nýmæli eru þau að mælt er fyrir um ákveðnar skattaávilnanir sem felast í því að þeir einstaklingar sem veitt er dvalar- og atvinnuleyfi á grundvelli þessara laga séu skattlagðir með öðrum og hagstæðari hætti heldur en almennt gerist enda beri þeir fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna verkefna til allt að fimm ára í senn en að lágmarki til 6 mánaða. Slíkt er í samræmi við gildandi rétt í helstu samanburðarlöndum Íslands og því nauðsynlegt upp á samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði að taka mið af því með hvaða hætti svokallaðir utanríkisborgarar eru skattlagðir í nágrannalöndunum. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi greiði 15% tekjuskatt til ríkisins og allt að 10% í útsvar en njóti ekki persónuafsláttar. Heildarskattlagningin yrði þannig 25% sem er sambærilegt Svíþjóð og skattlagninguna í Danmörku að frátöldu 8% vinnumarkaðsframlagi, sbr. umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu.

Lögð er til einföldun á skattamálum þeirra sérhæfðu starfsmanna sem koma hingað til lands á grundvelli þjónustusamninga, þar sem fyrirhuguð lengd dvalarinnar er skemmri en sex mánuðir. Slíkt hefur færst mjög í vöxt, m.a. vegna kvikmyndaverkefna. Markmiðið er bæði að skapa hagstæð skattaskilyrði og bæta skil skatttekna til ríkisins. Lagt er til að þessar tekjur verði skattlagðar með sama hætti og laun fyrir stjórnar-, endurskoðenda- eða nefndarstörf sem falla undir 2. tölulið 3. gr. laga 90/2003 og bera 18% tekjuskatt. Þá er lagt til að launagreiðslurnar séu staðgreiðsluskyldar svo ekki þurfi að koma til sérstakrar ákvörðunar eða álagningar tekjuskatts. Ekki er gert ráð fyrir útsvarsgreiðslum af þessum tekjum enda ólíklegra að viðkomandi einstaklingar nýti sér þjónustu sveitarfélaga.

4. Efling markaðs- og kynningarmála

Mikilvægi skilvirks markaðs- og kynningarstarfs gagnvart erlendum fjárfestum er rætt ítarlega í þeim úttektum og skýrslum sem lágu meðal annars til grundvallar þingsályktunar um stefnu varðandi beinar erlendar fjárfestingar. Á nýlegri ráðstefnu Alþjóðabankans um beina erlenda fjárfestingu kom fram í erindi fræðimanns frá Oxford háskóla að rannsóknir bentu til þess að hver króna sem varið væri til markaðs- og kynningarstarfs skilaði að jafnaði 189 krónum í beina erlenda fjárfestingu. Fyrir lítið hagkerfið eins og Ísland með tiltölulega einhæft atvinnulíf er augljóslega til mjög mikils að vinna. Leiðsögnin um áherslur í markaðs- og kynningarstarfinu liggur þegar fyrir í samþykktri stefnu stjórnvalda um beinar erlendar fjárfestingar.

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu sinnir markaðs- og kynningarmálum vegna beinnar erlendar fjárfestingar. Áhersla hefur verið lögð á nýfjárfestingar sem eru atvinnuskapandi og aðstoða og þjóna þeim sem hingað leita. Sú spurning hefur vaknað í starfi Fjárfestingarvaktarinnar hvort Fjárfestingarsvið eigi einnig að aðstoða íslenska aðila sem leita erlendra fjárfesta og starfa þá sem ráðgjafar- og tengslamiðstöð, m.a. með því að byggja upp eigið tengslanet á sérhæfðu sviði sem við græna fjárfestingarsjóði og áhættufjárfesta í einstökum atvinnugreinum.

Með tilkomu Fjárfestingarvaktarinnar og þess hlutverks sem hún hefur við að samhæfa stjórnsýslu og koma ábendingum og umkvörtunum á framfæri, sbr. umfjöllun í inngangi þessarar skýrslu, má segja að hlutverk Fjárfestingarsviðs Íslandsstofu vikki út. Í Bandaríkjunum starfar Select USA sem, auk markaðsstarfsins, hefur beinlínis formlegt hlutverk umboðsmanns fjárfesta gagnvart bandarískri stjórnsýslu (Ombudsman Services) og gegnir þannig skilgreindu hlutverki við að bæta skilvirkni. Að mati Fjárfestingarvaktar má skerpa þennan þátt í starfi Fjárfestingarsviðs og Fjárfestingarvaktar.

Í skýrslu starfshóps iðnaðarráðherra um stefnumótun varðandi beina erlenda fjárfestingu er að finna ítarlega umfjöllun um mikilvægi öflugs markaðsstarfs auk þess sem úttekt PWC frá árinu 2010 gefur gott yfirlit yfir hvað þarf helst að bæta hér á landi. Í stuttu máli má segja að megineinkennið á markaðs- og kynningarstarfi hér á landi samanborið við viðmiðunarlöndin er hve litlu er varið til verkefnisins. Þá skorti opinbera stefnumótun og þar með leiðsögn um áherslur og forgangs röðun þar sem unnið er út frá því hvers kyns uppbygging var talin eftirsóknarverðust eða falli best að styrkleikum og sérstöðu Íslands auk þjóðarhagsmuna. Starfsmenn unnu því sjálfir slíkt mat og studdust m.a. við samkeppnisgreiningar sem þeir létu vinna til að finna út styrkleika og tækifæri Íslands á einstökum sviðum. PWC lýsti sig sammála niðurstöðum starfsmanna en kallaði eftir mun breiðari stuðningi með formlegri opinberri stefnumótun.

Niðurstaða PWC er sú að núverandi umfang Fjárfestingarsviðs sé langt frá því að vera viðunandi, auk þess sem fyrirkomulag fjármögnunar sé óheppilegt þar sem hún sveiflist í öfugu hlutfalli við þörfina fyrir umsvif. PWC lagði til fimmföldun á bæði mannafla og fjármagni til þessa málaflokks á Íslandi og að fjármögnun yrði breytt yfir í fasta árlega upphæð sem tæki mið af gengisþróun, viðskiptaáætlun Fjárfestingarsviðs og innlendum verðlagsbreytingum.

Í framangreindri skýrslu er bent á fordæmi frá Möltu, Svíþjóð og héraðinu Flanders í Belgíu sem PWC tók saman. Á Möltu er beinum erlendum fjárfestingum sinnt af Malta Enterprise sem uppbyggt er með svipuðum hætti og Íslandsstofu. Af 115 starfsmönnum Malta Enterprise sinna 44 fjárfestingarmálum á þremur sviðum. Í Svíþjóð starfa 77 manns hjá Invest Sweden, þar af 35 á skrifstofum erlendis. Flanders

Investment and Trade (FIT) hefur 361 stöðugildi og yfir 90 alþjóðlegar skrifstofur. Tæplega þriðjungur starfsmanna sinnir beinum erlendum fjárfestingum.

Á árinu 2013 hefur fjárfestingarsvið Íslandsstofu alls 150 milljónir kr. til að sinna verkefnum sínum. Þar af eru um 80 milljónir kr. reglulegt rekstrarframlag sem skiptist í 14% af markaðsgjaldi sem er tekjustofn Íslandsstofu, um 60 milljónir kr. og 20 milljónir kr. framlag frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Framlag til að fylgja eftir tillögum í þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins nemur 50 milljónum króna og þátttaka fyrirtækja í verkefnum er samtals 20 milljónir kr.

Fjárframlagið til græna hagkerfisins ber uppi kynningar- og markaðsstarfið en í það fara samtals um 60 milljónir kr. auk 9 milljóna kr. í verkefni með fjölmiðlum (blaðamannaheimsóknir ofl.). Í greiningarvinnu fara um 30 milljónir kr. Rekstrarkostnaður fjárfestingarsviðs er 51 milljón króna. Sjá meðfylgjandi töflu.

Tekjur Fjárfestingarsviðs Íslandsstofu:

Reglulegt rekstrarframlag	
14% af markaðsgjaldi	60.000.000 kr.
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	20.000.000 kr.
<hr/>	
Reglulegt rekstrarframlag alls	80.000.000 kr.
Framlag frá Græna hagkerfinu	50.000.000 kr.
Þátttaka fyrirtækja	20.000.000 kr.
<hr/>	
Samtals tekjur	150.000.000 kr.

Gjöld Fjárfestingarsviðs Íslandsstofu

Kynningar- og markaðsstarf	60.000.000 kr.
Verkefni vegna fjölmiðla	9.000.000 kr.
Greiningarvinna	30.000.000 kr.
Rekstrarkostnaður	51.000.000 kr.
<hr/>	
Samtals gjöld	150.000.000 kr.

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu er með fjóra starfsmenn. Verkefnalisti ársins er eftirfarandi:

- Gagnaveraráðstefnur og fundir með fyrirtækjum á því sviði
- Koltrefjaráðstefnur og fundir með fyrirtækjum á því sviði
- Undirbúningur að kynningu verkefna í ferðaþjónustu
- Athugun á möguleikum á sviði líftækni
- Athugun á möguleikum á sviði gróðurhúsaræktunar
- Þjónusta við erlenda fjárfesta (2 til 3 heimsóknir í mánuði)
- Kynning á tækifærum í minkarækt
- Kynning á endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar á Íslandi
- Verkefni tengd úrbótum á umgjörð málaflokksins
- Arðsemismat og greinargerðir fyrir ívilnananefnd sbr. lög 99/2010.

4.1.1. Tillögur Fjárfestingarvaktar til úrbóta

Rýni Fjárfestingarvaktarinnar leiðir í ljós að mikilvægt er að efla tiltekna þætti í starfseminni og veita til þess bæði fjármunum og auknum mannafla. Þrennt er mikilvægast að mati Fjárfestingarvaktarinnar:

Vönduð greiningarvinna er forsenda markaðsaðgerða og því þarf að efla hana enn frekar. Bæta verður þennan þátt innan fjárfestingarsviðs Íslandsstofu með því að gera sviðinu kleift að vinna greiningar á einstökum mörkuðum og svæðum og veita um leið auknum fjármunum til að kaupa þá greiningarvinnu sem þarf.

Fjölmiðlaumfjöllun um Ísland sem fellur að þeirri ímynd sem við viljum halda á lofti er mikilvæg og skilvirkari en dýrt kynningarstarf. Hér þarf einnig að bæta tengsl og verja meiru til þess að bjóða hingað fulltrúum fjölmiðla.

Bæta þarf vinnu úti á einstökum mörkuðum og gagnvart einstökum atvinnugreinum. Nærvera fulltrúa fjárfestingarsviðs Íslandsstofu á lykilmörkuðum er mikilvæg og getur styrkt allt starf til muna gagnvart erlendum fjárfestum.

Fjárfestingarvaktin gerir að tillögu sinni að fjárfestingarsviði Íslandsstofu verði tryggðar 150 milljónir króna í viðbótarframlag á hverju ári í fimm ár til að bæta sérstaklega stöðuna á framangreindum þremur sviðum. Lagt er til að bætt verði við tveimur starfsmönnum sem sinni annars vegar greiningarvinnu og hins vegar almennu markaðs- og kynningarstarfi. Samið verði við þjónustuaðila bæði í Evrópu og Bandaríkjunum um að vera fulltrúar fjárfestingarsviðs á þessum mörkuðum. Unnið verði að aukinni umfjöllun sérgreinablaða og virtra viðskiptamiðla um Ísland sem valkost fyrir erlenda fjárfestingu.

5. Heimildir

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2012. *Ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi*. Glærukynning Þórðar Reynissonar fyrir Fjárfestingarvaktinni, 23. október 2012.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2012. *Mæling OECD á hömlum á beinni erlendri fjárfestingu og lög um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi*. Glærukynning Margrétar Sæmundsdóttur fyrir Fjárfestingarvaktinni, 9. október 2012.

Capacent Rannsóknir. 2007. *Highly Educated Workers, Focus Group*. Unnið fyrir Fjárfestingarstofu, Invest in Iceland Agency.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið. 2012. *Þýðing beinnar erlendar fjárfestingar fyrir Ísland*. Greinargerð Ásgeirs Jónssonar, hagfræðings, fylgiskjal með tillögu til þingsályktun um stefnu um beinar erlendar fjárfestingar.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti. 2012. *Bein erlend fjárfesting til Íslands. Nokkur skattaleg atriði*. Glærukynning Elínar Guðjónsdóttur fyrir Fjárfestingarvaktinni, 26. nóvember 2012.

Forsætisráðuneytið. 2011. *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag*. Stefnunótun, birt í janúar 2011. Slóð: <http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/listi/>

Iðnaðarráðuneytið, 2009. *Ívilnanir til eflingar fjárfestingum í atvinnurekstri - Skýrsla starfshóps*. Slóð: http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Rafraen_afgreidsla/lvilnanir_til_eflingar_fjarfestingum_skyrsla_2009.pdf

Iðnaðarráðuneytið. 2011. *Orkustefna fyrir Ísland, stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu*. Mars 2011. Slóð: <http://www.nea.is/orkustefnufnd>

Iðnaðarráðuneytið. 2011. *Skýrsla starfshóps um lagaramma orkumála*. Október 2011. Slóð: <http://www.idnadarraduneyti.is/media/frettir2/Lokaskyrsla-starfshops-um-lagaramma-orkumala.pdf>.

Iðnaðarráðuneytið. 2012. *Tillögugerð um stefnu stjórnvalda varðandi erlenda fjárfestingu*. Starfshópur skipaður af iðnaðarráðherra. Slóð: <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Tillogur-erlend-fjarfesting-skyrsla-VII.pdf>.

International Monetary Fund. 2010. *Iceland: Improving the Equity and Revenue Productivity of the Icelandic Tax System*. Skýrsla dagsett 16. júlí, 2010.

International Monetary Fund. 2011. *Iceland: Advancing Tax Reform and the Taxation of Natural Resources*. Skýrsla dagsett 16. júní 2011.

International Monetary Fund. 2012. *Allocating Business Income between Capital and Labor under a Dual Income Tax: The Case of Iceland*. Skýrsla dagsett 1. nóvember, 2012.

Íslandsstofa. 2013. *Umsögn Íslandsstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi*. Janúar 2013. Sótt á vef Alþingis í maí 2013. Slóð: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=141&dbnr=1232>

[LEX lögmannsstofa. 2013.](#) *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, lögum um útlendinga, lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.* Óbirt drög.

Lög um Íslandsstofu, nr. 38/2010. Alþingi, 2010. Slóð:
<http://www.althingi.is/lagas/140b/2010038.html>

Lög um ívilnanir vegna nýffjárfestinga á Íslandi, nr. 99/2010. Alþingi, 2010. Slóð:
<http://www.althingi.is/lagas/141a/2010099.html>

MckKinsey, 2012. *Charting a Growth Path for Iceland*. Slóð:
http://www.mckinsey.com/locations/Copenhagen/our_work/How_We_Work/~media/Images/Page_Images/Offices/Copenhagen/ICELAND_Report_2012.ashx

Nordik, lögfræðiþjónusta, 2012. *Skattamál og erlendar fjárfestingar*. Glærुकyning Gunnars Egils Helgasonar fyrir Fjárfestingarvaktinni 26. nóvember 2012.

OECD. 2007. *Tax Effects on Foreign Direct Investment*. OECD Tax Policy Studies.

Ombudsman Services. Select USA. Vefsíða, sótt í maí 2013:
<http://selectusa.commerce.gov/ombudsman-services>

PriceWaterhouseCoopers. 2008. *How Iceland can underpin FDI through tax incentives*. Skýrsla fyrir Invest in Iceland frá maí 2008.

PriceWaterhouseCoopers, 2010. *Future options for Invest in Iceland Agency, the agency responsible for attracting Foreign Direct Investment* (Draft Report). Reykjavík: Íslandsstofa.

Skattar loka á erlend lán. 2013. Viðtal við Gunnar Egil Egilsson, lögmann hjá Nordik, birt í Morgunblaðinu 7. mars 2013.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2012. *Framkvæmdir og skipulag*. Glærुकyning Sigríðar Auðar Arnardóttur fyrir Fjárfestingarvaktinni, 12. desember 2012.

Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins, 2010. *Skattkerfi atvinnulífsins. Fjárfesting – atvinna – lífskjör. Tillögur til umbóta*.

Þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins. Alþingi, mars 2012. Sótt á vef Alþingis í maí 2013. Slóð:
<http://www.althingi.is/altext/140/s/1020.html>

Þingsályktun um stefnu um beina erlenda fjárfestingu. Alþingi, 2012. Tillaga með greinargerð og fylgiskjölum sótt á vef Alþingis í maí 2013. Slóð:
<http://www.althingi.is/altext/140/s/0498.html>

World Bank, 2013. *FDI Promotion: Why and How?* Glærुकyning Beata Smarzynska Javorcik á niðurstöðum rannsókna á þýðingu beinnar erlendar fjárfestingar á ráðstefnu World Bank, Istanbul, 2. til 3. maí 2013.